

mælti umboðsmaður stefnanda því, að vitninu yrði heimiluð eiðfesting, og taldi of mikils ósamræmis gæta í vætti vitnisins, til þess að eiðfesting mætti fram fara. Var atriðið síðan tekið til úrskurðar að kröfu umboðsmanns stefndu.

Dómendur hafa borið saman vottorð vitnisins og allt vætti þess, en eigi hefur þess orðið vart við þann samanburð, að vitnið hafi reynt óstöðugt í framburði sínum, og af hálfu stefnanda hefur eigi verið bent á neitt atriði þeirri staðhæfingu til stuðnings. Verður því eigi talið sýnt, að varhugavert geti verið að heimila vitni þessu að staðfesta skýrslu sína, og verður vitninu samkvæmt þessu heimiluð eiðfesting. Uppsaga úrskurðar þessa hefur dregið töluvert vegna óvenjulegra embættisanna formanns dómsins.

Því úrskurðast:

Vitninu Jósep Blöndal er heimilt að staðfesta fyrir dómi vætti sitt í máli þessu.

Mánudaginn 10. október 1949.

Nr. 50/1948. **Jón S. Guðmann** (Theodór B. Líndal)
 gegn
Þórði Gunnarssyni og gagnsök
 (Sveinbjörn Jónsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
 í stað hrd. Jóns Asbjörnssonar.

Fébótamál vegna bifreiðarslyss.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. apríl 1948. Krefst hann þess, að fjárhæð sú, er gagnáfrýjanda var dæmd í héraði, verði færð niður eftir mati dómsins, málskostnaður í héraði felldur niður, en gagnáfrýjanda gert að greiða honum málskostnað hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi, sem áfrýjað hefur málinu af sinni hálfu með stefnu 11. maí 1948, krefst þess aðallega, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 30.172.89 með 5% árs-

vöxtum frá 15. janúar 1948 til greiðsludags svo og málskostnað bæði í héraði og Hæstarétti eftir mati dómsins. *Til vara* krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Fallast má á rök héraðsdóms fyrir því, að aðaláfrýjanda beri að greiða gagnáfrýjanda fullar bætur vegna tjóns þess, er slysið hafði í för með sér fyrir hann.

Bótakröfu gagnáfrýjanda má sundurliða þannig:

1. Full laun fyrstu sex mánuði eftir slysið, þ. e. til áramóta 1946—1947	Kr. 9.867.00
2. Töpuð aukavinna í 6 mánuði, þ. e. júlí—des. 1946	— 2.536.22
3. Sjúkrahússvist og læknishjálp greitt af sjúkrasamlagi Akureyrar	— 2.524.17
4. Læknisskoðun, bifreiðakostnaður og fata- spjöll	— 245.50
5. Bætur fyrir þjáningu og óþægindi, varan- legt mein og minnkaða orku	— 15.000.00

Samtals kr. 30.172.89

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Páll Sigurðsson yfirtryggingarlæknir metið örorku gagnáfrýjanda vegna slyssins sem hér segir:

1. Frá slysdegi og til ársloka 1946 100%. 2. Fyrstu 2 mánuði ársins 1947 50%. 3. Næstu 2 mánuði sama árs 30%. 4. Frá þeim tíma til ársloka 1947 10%. 5. a. Varanleg örorka við sams konar störf og gagnáfrýjandi stundaði áður 0%. 5. b. Varanleg örorka við mjög erfið störf, sem krefjast mikils gangs, undir 5%.

Koma þá hinir einstöku kröfuliðir til athugunar.

Um 1. lið. Þar sem gagnáfrýjandi var algerlega frá verki þá 6 mánuði, sem hér getur, á hann rétt til bóta samkvæmt þessum lið. Hann hefur þegar fengið greiddar frá póststjórninni kr. 7.361.75 af þeirri fjárhæð, en póststjórnin hefur í máli þessu falið honum heimtu þeirrar fjárhæðar úr hendi aðaláfrýjanda. Þegar af þeirri ástæðu, að póststjórnin varð

að ráða annan mann til starfa í stað gagnáfrýjanda og greiða honum laun, á hún rétt til að fá fjárhæð þessa greidda af aðaláfrýjanda. Ber því að taka þennan kröfulið til greina að fullu.

Um 2. lið. Samkvæmt rökum þeim, sem í héraðsdómi greinir, þykir rétt að staðfesta niðurstöðu hans um 2000 króna bætur til handa gagnáfrýjanda samkvæmt þessum lið.

Um 3. lið. Sjúkrasamlag Akureyrar hefur þegar greitt þá fjárhæð, sem hér greinir, en falið gagnáfrýjanda heimtu hennar í máli þessu úr hendi aðaláfrýjanda. Með því að sjúkrasamlagið átti samkvæmt 15. gr. laga nr. 104/1943 rétt til heimtu þeirra bóta úr hendi aðaláfrýjanda, sem það hefur greitt vegna slyssins og gagnáfrýjandi hefði átt rétt til að fá greiddar af aðaláfrýjanda, þá ber að taka þennan kröfulið til greina, enda þykir ekki, eins og á stóð, ástæða til lækkunar á fjárhæðinni.

Um 4. lið. Þær fjárhæðir, sem hér greinir, hafa ekki sætt andmælum og verða því teknar til greina að fullu.

Um 5. lið. Þegar litið er til þess, hvernig meiðslum gagnáfrýjanda var háttað, þjánaða þeirra og óþæginda, sem ætla má, að þau hafi haft í för með sér, svo og þess, að hann virðist ekki munu verða alveg jafngóður af meiðslunum, þá þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 8.000.00.

Samkvæmt framansögðu ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda kr. 9.867.00 + kr. 2.000.00 + kr. 2.524.17 + kr. 245.50 + kr. 8.000.00, eða samtals kr. 22.636.67, ásamt vöxtum, eins og krafist er. Þá þykir og rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 4.500.00.

Dómsorð :

Aðaláfrýjandi, Jón G. Guðmann, greiði gagnáfrýjanda, Þórði Gunnarssyni, kr. 22.636.67 með 5% ársvöxtum frá 15. janúar 1948 til greiðsludags og samtals kr. 4.500.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 13. apríl 1948.

Mál þetta, sem dómtekið var 9. þ. m., hefur stefnandi, Þórður Gunnarsson póstmaður, Ráðhústorgi 3 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþingi Akureyrar með stefnu, út gefinni 15. jan. sl., á hendur Jóni G. Guðmann, bónda að Skarði hér í bæ, og gerir þær dómkröfur, að stefndur verði dæmdur til að greiða bæt看 fyrir tjón af völdum siðargreinds slyss, að upphæð kr. 30.172.89, ásamt 5% ársvöxtum frá útgáfudegi stefnu til greiðsludags og málskostnað eftir reikningi eða eftir mati dómara.

Stefndur krefst þess, að bótaupphæð verði ákveðin allmiklu lægri en að ofan greinir og málskostnaður stefnanda verði lækkaður í samræmi við það.

Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f hefur verið stefnt til réttargæzlu, en bifreið stefnds, A-64, er tryggt skyldutryggingu hjá því félagi.

Stefnandi skýrir þannig frá málavöxtum, að kl. rúmlega 23 hinn 27. júní 1946 hafi hann ekið bifhjólinu A-224 suður Skipagötu á Akureyri. Í aftursætinu sat kona hans, Guðrún Ísberg. Í Skipagötu er einstefnuakstur frá norðri til suðurs. Stefnandi ók á vinstri götubrunn á 1. hraðastigi og ekki hraðar en 10 km miðað við klst.

Þegar hann kom að götuhorni þvergötu þeirrar, sem liggur inn í Skipagötu frá austri af nyrðri Torfunefsbyggju, kom bifreiðin A-64 vestur þvergötuna á hægri vegarbrunn og ók inn í Skipagötu, um leið og bifhjólið bar að. Horn þetta er blint vegna kolaports, sem byrgir útsýn. Virtist stefnanda bifreiðin ætla að aka norður Skipagötu. Bifreiðin rakst á bifhjólið, og varð vinstri fótur stefnanda fyrir henni. Hafði stefnandi þá numið staðar. Stefnður, sem er eigandi bifreiðarinnar, ók henni. Kona stefnanda slapp ómeidd, en stefnandi slasaðist. Báðar beinpípur vinstra fótleggs brotnuðu, og var brotið opið. Stefnður ók stefnanda þegar í sjúkrahús og tilkynnti síðan lögreglunni slysið. Með dómi aukaréttar 21. des. 1946 var hann dæmdur til refsingar fyrir það að hafa með óvarkárum akstri og broti á umferðarreglum valdið slysi því, er mál þetta er risið af.

Í sjúkrahúsinu var reynt að lagfæra brotið með gibsumbúðum, en það fékkst ekki í viðunandi stellingar nema með því að skera inn að því, færa í lag og spengja síðan sköflunginn. Var það gert svo fljótt eftir slysið sem fært þótti sáranna vegna.

Brotið greið seint og lokaðist ekki fyrr en eftir tvo mánuði. Stefnandi dvaldist í sjúkrahúsinu til 20. sept. um haustið, en hafði þá haft nokkra fótavist undanfarið og gengið við hækju og staf í gibsumbúðum.

Hann byrjaði að vinna í pósthúsinu hér á áramótum, en þar er hann fastur starfsmaður. Þá var hann enn aflítill í fætinum, þreyttist fljótt og gekk haltur.

Samkvæmt álitu héraðslæknis, dags. 6. marz sl., fer því enn þá fjarri, að stefnandi hafi náð sér, og álitur hann, að stefnandi muni aldrei verða jafngóður eftir, og metur varanlega örorku hans 4%.

Stefnandi telur, að stefndum beri að bæta allt tjón, er stefnandi varð fyrir sökum slyssins, og sundurliðar hann bótakröfuna þannig:

1. Atvinnutjón	kr. 12.403.22
2. Sjúkrahússvist, læknishjálpi o. fl.	— 2.629.67
3. Fataskemmdir	— 140.00
4. Bætur fyrir þjáningar og óþægindi, varanlegt mein og minnkaða orku	— 15.000.00

Samtals kr. 30.172.89

Stefndur viðurkennir að hafa átt verulega sök á slysinu og þar með bótaskyldu sína, en telur, að stefnandi sjálfur hafi átt nokkra sök á slysinu og beri því að færa fébætur niður samkv. 3. mgr. 34. gr. bifreiðalaganna.

Ekkert er fram komið um það, að stefnandi hafi sýnt nokkra þá ógætni, er slysið varð, sem geti dregið úr bótarétti hans. Ber því að dæma stefndan til að bæta honum tjónið að fullu. Kemur því til álita um tjónsupphæð, en stefndur hefur mótmælt því, að tjónið hafi numið upphæð þeirri, sem krafist er.

Um 1. lið. Kröfuupphæð þessi er full laun stefnanda fyrir mánuðina júlí—des. 1946 að báðum mánuðum með töldum, kr. 9.867.00, og töpuð aukavinnu á þessum tíma, sem stefnandi telur hafa numið kr. 2.536.22, samtals kr. 12.403.22. Stefndur hefur ekki mótmælt fyrri upphæðinni, en mótmælir kröfu um bætur fyrir eftirvinnumissi sem of hárrí. Stefndur rökstyður kröfu þessa með því, að öðrum starfsmanni pósthöfundar í sama launaflokki hafi á þessu tímabili verið greidd þessi upphæð í aukavinnulaun og að áliti pósthöfundar hefði aukavinna stefnanda ekki orðið minni. Í málinu liggur fyrir yfirlýsing pósthöfundar um þetta.

Stefndur heldur því hins vegar fram, að líklegt sé, að aukavinna hafi verið meiri í pósthöfundar þetta tímabil vegna fjarvistar stefnanda, sem er duglegur maður, enda þótt annar maður, ef til vill óvanur, hafi verið tekinn í hans stað.

Að sjálfsögðu er ekki hægt að segja um það með neinni vissu, hvaða tekjur stefnandi hefði haft af aukavinnu. Hins vegar er vitað og viðurkennt, að nokkur aukavinna er jafnan í pósthöfundar. Ekki verður þó talið fullsannað, að aukavinnulaun stefnanda hefðu numið upphæð þeirri, sem krafist er. Eftir atvikum þykir mega telja fullvíst, að upphæð þessi hefði numið a. m. k. kr. 2.000.00. Verður sú upphæð því talin tjón stefnanda af þessum sökum.

Samkvæmt þessu verður stefndur dæmdur til að greiða stefnanda kr. 11.867.00 fyrir atvinnutjón.

Um 2. lið. Stefndur hefur ekki mótmælt þessum lið að öðru en því, að hann krefst þess, að frá upphæðinni verði dreginn fæðiskostnaður, sem stefnandi hefur sparað sér heima með dvöl á sjúkrahúsi, að upphæð kr. 825.00. Sparnaður stefnanda þykir í þessu sambandi hæfilega metinn kr. 700.00, og þykja bætur til stefnanda samkvæmt þessum lið mega lækka um þá upphæð í kr. 1.929.67.

3. lið hefur ekki verið mótmælt, og verður hann tekinn til greina að fullu.

Um 4. lið. Stefnur mótmælir þessum lið sem allt of háum. Stefnandi hafði miklar og talsvert langvarandi þjáningar vegna fótbrotsins, og samkvæmt því, sem segir í vottorði héraðslæknis, dskj. nr. 19, hefur hann enn þá veruleg óþægindi, sem ekki er fyrirsjáanlegt, hversu varanleg verða. Varanlega örorku stefnanda áætlað héraðslæknir 4%, eins og fyrr segir, þótt ekki sé hægt að ákveða það með vissu.

Með tilliti til þessa og aldurs stefnanda, sem var 27 ára, er hann slasast, þykja bætur fyrir þjáningar, óþægindi og örorku hæfilega metnar kr. 10.000.00.

Samkvæmt þessu verður niðurstaða málsins sú, að stefndur verður dæmdur til að greiða stefnanda, kr. 11.867.00, kr. 1.929.67, kr. 140.00 og kr. 10.000.00, eða samtals kr. 23.936.67, ásamt vöxtum, eins og krafist er, og málskostnað, sem þykir hæfilega metinn kr. 2.750.00.

Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndur, Jón G. Guðmann, greiði stefnanda, Þórði Gunnarsyni, kr. 23.936.67 ásamt 5% ársvöxtum frá 15. jan. 1948 til greiðsludags og kr. 2.750.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 13. október 1949.

Nr. 120/1948. **Valdstjórnin** (Jón N. Sigurðsson)

gegn

Páli Ingibergssyni (Theodór B. Líndal).

Setudómari próf. Ólafur Lárússon

í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Sakaratriðum er rétt lýst í héraðsdómi, og varðar brot kærða við 1. gr. sbr. 1. mgr. 3. gr. og 5. gr. laga nr. 5/1920 og lög nr. 4/1924. Gullgildi íslenzkrar krónu er nú 23.594. Samkvæmt þessu og öðrum atvikum þykir sekt á hendur kærða hæfilega ákveðin 42.500 krónur til Landhelgisjódís Íslands, og komi varðhald 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Þá verður samkvæmt nefndri 5. gr. laga nr. 5/1920 að dæma kærða, sem hinn 2. apríl 1947 sætti refsidómi fyrir botn-